20. júní 2022

Öryggisflokkun gagna ríkisins - - Almenn kynning

Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

1 Aðdragandi og tilefni vinnunnar

Bakgrunnur og forsaga verkefnisins

2 Hugmyndafræði og nálgun á öryggisflokka

Hvaða lykilforsendur liggja að baki öryggisflokkun gagna?

3 Öryggisflokkar gagna íslenska ríkisins

Tilefni vinnu við öryggisflokkun gagna

- Meira öryggi gagna
- Meiri hagnýting gagna
- Betri þjónusta
- Betri ákvarðanir
- Hagkvæmari rekstur
- Skilvirkni og nútímavæðing innviða
- Aukið samræmi
- Upptaktur að nútímavæðingu laga
- Uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar

Tilgangur öryggisflokkunar gagna

- Búa til **samræmda öryggisflokkun** fyrir öll gögn ríkisins og auka þannig **skilvirkni** í ákvörðunartöku um flokkun gagna
- Bæta **kostnaðarmeðvitund** sem fylgir hækkandi öryggisstigi
- Hámarka **samnýtingu** – „Once only principle“
- Flytja **gögn** en ekki fólk
- Auðvelda flæði gagna vegna **lífsviðburða**

Vinnulag undirbúningshóps

Hópur með fulltrúum fjögurra ráðuneyta (FOR, FJR, DMR, HRN) og úr atvinnulífi

Fimm vinnufundir haldnir yfir 10 vikna tímabil frá desember 2021 til mars 2022

Horft til öryggisflokkana hjá öðrum þjóðríkjum

Hanna drög að flokkun sem fer í almennt samtal / samráð í kjölfarið

Þróunin undirbyggi öruggara og betra rekstrarumhverfi



Lög um upplýsingatæknimál ríkisins

Lög / reglugerð sem eyðir óvissu um gögn og deilingu þeirra milli ríkisaðila

Gagnastefna

Upplýsingatæknistefna

LOKIÐ

Í VINNSLU

2022-23

Hvað má og hvað ekki?

Algengum fullyrðingum og spurningum svarað um rekstrar- og hýsingarumhverfi



DÆMI UM FULLYRÐINGAR

Öll kerfi ríkisaðila eiga að fara í skýið skv. skýjastefnunni

Gögn í skýjaþjónustu eru ekki örugg

Gögn verða óaðgengileg og tapast ef samband Íslands við umheiminn rofnar

Erlend stjórnvöld og eftirlitsstofnanir hafa aðgang að upplýsingum

Notkun stórra þjónustuaðila (Microsoft, Amazon, Google o.fl.) hamlar samkeppni og dregur úr nýsköpun

DÆMI UM SPURNINGAR

Mun ríkið geyma gögn sín í erlendum skýjaþjónustum og er það öruggt?

Bandarísk yfirvöld geta skv. lögum óskað eftir að fá gögn annarra þjóðríkja frá þjónustuaðilum svo fremi sem móðurfélag skýjaþjónustu hafi heimilisvist í Bandaríkjunum?

Ef Ísland verður sambandslaust við umheiminn er ótækt að gögnin liggi á erlendum netþjónum / Er gögnum íslenska ríkisins ekki best komið fyrir í innlendum gagnaverum?

Er löglegt að geyma gögn íslenska ríkisins utan Íslands?

1 Aðdragandi og tilefni vinnunnar

Bakgrunnur og forsaga verkefnisins

2 Hugmyndafræði og nálgun á öryggisflokka

Hvaða lykilforsendur liggja að baki öryggisflokkun gagna

3 Öryggisflokkar gagna íslenska ríkisins

Öryggisflokkun þarf að vera aðgengileg

Einföld í notkun.

Allir nota sömu **grunnflokkun** til að einfalda og staðla samskipti og tryggja **hámarksnýtingu** og **vernd** gagna.

Gildir um **öll** gögn ríkisins, óháð formi gagnanna.

Öryggisstig og kostnaður hanga saman

Flokkun gagna í of hátt öryggisstig getur leitt af sér að:

- Aðgengi að gögnum sé óþarflega takmarkað
- Stjórnunarleg og upplýsingatæknileg umsýsla verði óþarflega mikil, sem leiðir til hærri kostnaðar
- Öryggisflokkar séu ekki virtir eða hunsaðir af starfsfólki og viðtakendum gagnanna.



Nálgun á gögn út frá öryggi og hagnýtingu

Ákvarðanir um um öryggi og hagnýtingu séu teknar á meðvitaðan hátt út frá virði gagnanna

Lykilbreytur í öryggisflokkun ríkisins

Réttindi og skyldur gagnvart einstaklingum og persónugreinanlegum upplýsingum.

Ógnir sem steðja að einstaklingum, stjórnvöldum eða samfélaginu vegna **uppljóstrunar, taps eða misnotkunar** upplýsinga.

Lögbundin **þjónusta** ríkisaðila.

Ríki fara ólíkar leiðir í fjölda flokka

	3	4	5	7
Ástralía	Secret	Restricted	Top secret	Restricted Data
Bandaríkin	Sensitive	Confidential	Secret	Code Word classification
Bretland	Official	Internal	Confidential	Top Secret
Noregur		Public	Sensitive	Secret
Finnland			Unclassified	Confidential
Nýja-Sjáland				Public Trust
				Controlled Unclassified Information (CUI)

Öryggisflokkun í Bretlandi



ÞÁ



NÚ

Viðmið öryggisflokka íslenska ríkisins

e. Principles

1. **Öll gögn hafa virði** fyrir stjórnvald, einstakling, lögaðila eða samfélagið í heild.

2. Viðhafa þarf **viðeigandi og gagnsæja meðferð og viðeigandi öryggisúrræði** gagna byggt á virði þeirra og tilgangi.

3. Gögn skulu vera **opin og aðgengileg** öllum nema hagsmunir stjórnvalda, lögaðila, einstaklinga, almennings eða alþjóðasamstarf krefjist annars.

4. Aðgangsstýringar skulu byggja **á lágmörkun réttinda**, þ.e. aðeins þeir sem þurfa aðgang hafi hann.

5. Allir sem meðhöndla gögn í vörslu stjórnvalda, starfsfólk, þriðju aðilar og þjónustuaðilar skulu hafa **viðeigandi kunnáttu** í vörslu, umsýslu og öryggi gagna.

Áherslur

1. Gögn skulu vera opin nema annað sé ákveðið
2. Öryggi gagna sé varið á viðeigandi hátt
3. Flokkun gagna skal vera kerfisbundin og samræmd
    1. Flokkar séu eins fáir og mögulegt er
    2. Flokkun sé nákvæm og í samræmi við aðstæður á hverjum tíma
    3. Flokkun byggi á virði gagna
4. Afleiðingar flokkunar skulu vera skýrar og skilgreindar
    1. Ábyrgð sé skýrt skilgreind
    2. Meðhöndlun gagna byggi á samræmdri flokkun

Hlutverk og ábyrgð

Ábyrgðaraðili*: Sá aðili sem ber ábyrgð á skrá, tekur við gögnum og sem flokkar gögnin og ákveður meðhöndlun.

Vörsluaðili: Geta verið einn eða fleiri eða aðili innan sömu stofnunar og ábyrgðaraðili.

Notandi: Allir þeir sem hafa lögmætan aðgang að gögnunum.

*Skilgreining á ábyrgðaraðila þarf ekki að fara saman með skilgreiningu ábyrgðaraðila í tengslum við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga 90/218

Öryggisflokkun

Byggir á **mikilvægi og virði** gagna og afleiðingum **óviðkomandi** aðgangs.

Tryggir **viðeigandi** öryggisstig, ekki of hátt og ekki of lágt.

Krefst viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra **varnaraðgerða** til að halda öryggisstigi.

Krefst kerfisbundins **áhættumats.**

Byggir á **trúnaði, réttleika, tiltækileika** (ISO 27001) auk **persónuverndar.**

Tekur mið af hve miklu ytri aðili er tilbúinn til að **kosta til** að nálgast gögnin.

Afmörkun gagna í flokkun er mikilvæg

Flokkun í sem minnstum einingum til að varnir verði sem viðeigandi og flokkun skilvirk

Horfa til notkunar gagna þegar áhættur og afleiðingar eru metnar

Ef öll gögn eru í sama rekstrarumhverfi og varin með sama hætti er líklegt að einhver gögn séu ofvarin en önnur ekki varin nægjanlega vel.



Með því að aðgreina ákveðin gögn eða vinnslur er hægt að hækka öryggisstig innan sama rekstrarumhverfis



Með því að aðgreina gögn og vinnslur eftir mikilvægi og öryggisstigi og sækja þjónustur frá mismunandi rekstrarumhverfum (staðbundið, hýst hjá þjónustuaðila eða skýjaþjónustu) er hægt að hámarka öryggisstig út frá eðli gagnanna.

Viðeigandi flokkun er líka mikilvæg

Of hátt öryggisstig getur valdið **gengisfellingu** öryggisflokka og minnkar gagnsæi.

Öryggisstig sem er umfram raunverulegar þarfir getur haldið **óhagræði**, auknum **kostnaði**, **hamlað** samnýtingu gagna og gert þjónustu stofnana **verri** fyrir almenning og samfélagið.

Huga þarf að öryggisstig tiltekinna gagna getur **hækkað eða lækkað** á mismunandi tímum.

Algengar þjóðsögur um gagnaflokkun

Öll gögn í tilteknu upplýsingakerfi þurfa að vera flokkuð eins:

- Ábyrgðaraðili getur skipt upplýsingum innan kerfis niður með mismunandi aðgangs- og öryggisskilgreiningum byggt á ólíkri flokkun.

Gögn verða að vera innan íslenskrar lögsögu:

- Hæfir hýsingaraðilar geta verið hvar sem er innan EES og gera þarf rýni á þeim hvort sem þeir eru innan Íslands eða utan.
- Opinber innkaupaferli styðja við þessa vinnu með að taka aðeins inn hæfa þjónustuaðila byggt á grunnkröfum, t.d. meðhöndlun á beiðnum yfirvalda um aðgang að gögnum.
- Vinnsla getur verið aðskilin í miðlun (fyrirspurnir) sem er erlendis og svo varðveislu eða afrit, sem flutt er með sjálfvirkum hætti af gögnunum, til að tryggja tiltækileika gagnanna.

1 Aðdragandi og tilefni vinnunnar

Bakgrunnur og forsaga verkefnisins

2 Hugmyndafræði og nálgun á öryggisflokka

Hvaða lykilforsendur liggja að baki öryggisflokkun gagna

3 Öryggisflokkar gagna íslenska ríkisins

Skilgreiningar öryggisflokka ríkisins

Opin gögn	Ópersónugreinanleg gögn eða gögn sem eru opin til notkunar og endurnotkunar. Svo gögn teljist opin þurfa þau að vera tiltæk án umsókna / beiðna og vera aðgengileg óháð tíma.
Varin gögn	Öll gögn önnur en „opin gögn“ sem eru hluti af daglegum rekstri ríkisaðila
Sérvarin gögn	Gögn sem vegna tímasetninga eða innihalds sem geta valdið víðtæku og langvarandi tjóni fyrir hópa einstaklinga, lögaðila eða ríkisaðila.
Afmörkuð gögn	Gögn sem eru viðkvæm fyrir samfélagið í heild eða stöðu þjóðarinnar á alþjóðavettvangi.

Öryggisflokkar á mannamáli

Öryggisflokkur	Lýsing	Ógn	Aðgangur	Hvaða reglur gilda?	Umfang
Opin	Eru öllum aðgengileg en þarf að passa réttleika, aðgengi og gæði	Lítil	Allir	Ég má birta án takmarkana / sérstaks leyfis	
Varin	Eru aðgengileg þeim sem þurfa þau starfs sín vegna en krefjast stýringar (hópur / stofnun) til að verjast uppljóstrun	Lítil	Hópur	Ég má deila með hópi "innan starfssviðs"	
Sérvarin	Gögn sem krefjast upplýstrar ákvarðanatöku um dreifingu / aðgengi og aukinnar stýringar til að verjast uppljóstrun	Meðal	Notandi	Ég má deila með einstaklingi (e. need to know) vegna hlutverks síns	
Afmörkuð	Gögn sem vegna eðlis eða á lagagrundvelli er óheimilt að dreifa nema til tiltekinna aðila	Mikil	Notandi	Ég verð að spyrja eiganda um nákvæm fyrirmæli	

Yfirlit laga og krafa sem algengt er að taka þurfi tillit til

- innlendra og erlendra

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018

Upplýsingalög nr. 140/2012

Lög um endurnot opinberra upplýsinga nr. 45/2018

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014

Stjórnsýslulög nr. 37/1993

Varnarmálalög nr. 34/2008

Lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða nr. 78/2019

Lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996

Lög um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga nr 110/2000

- 5.gr. skilyrði um staðsetningu hér á landi

Lög um sjúkraskrár nr 55/2009

Lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020

Fyrirhugað er að endurskoða lög um endurnot opinberra upplýsinga (Open Data Directive) m.t.t. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024 frá 20. júní 2019 um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera. Flokkunin þarf að styðja við markmið þeirra.

Fyrirhugað er að leggja fram lagafrumvarp um frjálst flæði ópersónugreinanlegra upplýsinga (Free Flow of Data) m.t.t. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1807 frá 14. nóvember 2018. Flokkunin þarf að styðja við markmið þeirra.

Vistunarstaðir gagna

Flokkur	Staðsetning	Öryggisúrræði (viðmið)
Opin gögn	Hjá hæfum aðila* innan EES	Tryggja réttleika og tiltækileika.
Varin gögn	Hjá hæfum aðila* innan EES	Varin í flutningi yfir örugg samskiptakerfi með dulritun eða öðrum sambærilegum hætti. Auðkenning notenda. Atburðaskráning uppfletting og aðgangstilrauna.
Sérvarin gögn	Hjá hæfum aðila* innan EES	Dulritun (með eigin lykli) í geymslu og flutningi, sterk og margþátta auðkenning. Atburðaskráning uppflettinga og aðgangstilrauna.
Afmörkuð gögn	Á sértækum og aðskildum upplýsingakerfum í eigu viðkomandi ríkisaðila.	Allt ofangreint auk aðskilnaðar frá öðrum kerfum.

* Hæfur aðili getur verið stofnunin sjálf eða samningsaðili eftir innkaupaferli.

Vistunarstaðir gagna - ráðstafanir

Áhætta	Staðsetning	Öryggisúrræði (viðmið)
Gögn verða ótiltæk ef erlent gagnasamband rofnar	Utan Íslands en innan EES	Hægt er að tryggja tiltækileika gagna og vinnslu með afritum gagna til Íslands.
Gögn eru haldlögð af erlendu stjórnvaldi	Erlendur aðili vistar gögn í gagnaveri innan EES	Samningar og ferlar hýsingaraðila sem taka á lögmætum beiðnum yfirvalda þurfa að vera hluti af innkaupaferli þjónustunnar, óháð staðsetningu.
Aðgengi óviðkomandi starfsfólks þjónustuaðila að gögnum	Óháð staðsetningu	Öryggisferlar þjónustuaðila m.t.t. ráðninga og trúnaðar. Dulritun gagna (at-rest) með eigin lykli
Persónugreinanlegar upplýsingar fara til óöruggs lands	Óháð staðsetningu	Ábyrgðaraðili gerir nauðsynlegar kannanir á vinnsluaðilum óháð staðsetningu. Notkun nafnleyndar og lágmörkunar.


Eru gögnin aðgengileg án beiðnar?
Þessi gögn krefjast ekki varna en tryggja þarf réttleika og tiltækileika þeirra
JÁ
OPIN GÖGN
TLP: WHITE
NEI
Eru gögnin hluti af daglegum rekstri ríkisaðila OG eru persónugreinanleg OG valda einstaklingi, lögaðila eða stofnun takmörkuðu og afturkræfu tjóni af uppljóstrun, leka eða tapi?
Þessi gögn krefjast varna í geymslu og flutningi
JÁ
VARIN GÖGN
TLP: AMBER
NEI
Veldur uppljóstrun, leki eða tap hópi aðilum stórfelldu tjóni, s.s. hamlað réttindum eða frelsi þeirra, eða haft stórfelld neikvæð áhrif á orðspor þeirra?
Þessi gögn krefjast varna aðgangsstýrðum svæði fyrir valda einstaklinga og dulritunar í notkun, geymslu og flutningi
JÁ
SÉRVARIN GÖGN
TLP: RED
NEI
Veldur uppljóstrun, leki eða tap samfélaginu eða ríkinu stórfelldum skaða eða álitshnekki á alþjóðavísu EÐA bresti í þjóðaröryggi?
Þessi gögn krefjast kerfislægs og rekstrarumhverfislegs aðskilnaðar frá öðrum kerfum, dulritunar og aðskilnaði frá dulritunarlykli í flutningi og geymslu
JÁ
AFMÖRKUÐ GÖGN
TLP: RED

Ákvörðunartré öryggisflokkunar

	Opin	Varin	Sérvarin	Afmörkuð
Persónuvernd:				
Persónugreinanleg gögn (PII)	Nei	Já	Já	Já
Afleiðingar uppljóstrunar:				
Einstaklingur, lögaðili eða stofnun verður fyrir tjóni af uppljóstrun	Nei	Já	Já	Já
Veldur aðila tjóni sem hægt er að lágmarka eða afturkalla	Nei	Já		
Veldur aðilum stórfelldu tjóni, s.s hamlað réttindum eða frelsi þeirra	Nei	Nei	Já	Nei
Veldur samfélaginu stórfelldum skaða (einstaklingum/eignum)	Nei	Nei	Nei	Já
Veldur alþjóðlegum deilum	Nei	Nei	Nei	Já
Veldur álitshnekki ríkisins á alþjóðavísu	Nei	Nei	Nei	Já
Veldur bresti í þjóðaröryggi	Nei	Nei	Nei	Já

Afleiðingar af uppljóstrun, tapi og röngum upplýsingum

Flokkur	Opin	Varin	Sérvarin	Afmörkuð
Skilgreining	Ópersónugreinanleg gögn eða gögn sem eru opin til notkunar og endurnotkunar. Svo gögn teljist opin þurfa þau að vera tiltæk án umsókna / beiðna og vera aðgengileg óháð tíma.	Öll gögn önnur en opin gögn sem eru hluti af daglegum rekstri ríkisaðila	Gögn sem vegna tímasetninga eða innihalds sem geta valdið víðtæku og langvarandi tjóni fyrir hópa einstaklinga, lögaðila eða ríkisaðila.	Gögn sem eru viðkvæm fyrir samfélagið í heild eða stöðu þjóðarinnar á alþjóðavettvangi.
Afleiðing uppljóstrunar	Uppljóstrun hefur engin áhrif en villur/spilling gagna getur valdið óþægindum eða rangri ákvarðanatöku stjórnvalda eða annarra.	Uppljóstrun veldur stofnun eða tilteknum einstaklingi eða lögaðila óþægindum eða takmörkuðu fjárhagslegu eða orðsporstjóni sem mögulegt er að lágmarka. Uppljóstrun getur valdið stofnun eða öðrum aðila óhagræði í samningum eða viðræðum við ytri aðila.	Uppljóstrun gæti valdið samfélagshópum (einstaklingar og lögaðilar) eða stjórnvöldum fjárhagslegum eða óefnislegum verulegum skaða og haft áhrif á líf, frelsi eða réttindi einstaklinga.	Uppljóstrun stefnir öryggi og frelsi stórra samfélagshópa í verulega hættu.
		Uppljóstrun varðar við lög, t.d. brots á persónuvernd og kafla XIV í lögum nr. 19/1940.	Uppljóstrun getur stöðvað alla starfsemi viðkomandi stofnunar eða mikilvægra innviða.	Uppljóstrun skaðar samskipti við vinveittar þjóðir.
			Uppljóstrun hefur marktæk áhrif á fjármálastöðugleika.	Uppljóstrun varðar við lög um varnarmál (nr. 34/2008) þ.m.t. sektum eða fangelsi í allt að fimm ár.
Afleiðing taps	Lágmarksáhrif á ríkisaðila, gögn er hægt að endurskapa út frá öðrum gögnum án mikillar fyrirhafnar.	Ótiltækar upplýsingar geta valdið ríkisaðila óhagræði, einstaklingi eða öðrum lögaðila töfum eða tjóni sem þó er hægt að leiðrétta án þess að það hafi áhrif á rekstur ríkisaðila á verulegan hátt eða langvarandi áhrif á líf viðkomandi einstaklings.	Ótiltækar upplýsingar geta valdið einstaklingum eða hópum í samfélaginu verulegu tjóni sem erfitt er að leiðrétta t.d. að missa réttindi eða frelsi.	Afleiðingar taps eru sambærilegar við sérvarin.
	Ytri aðilar sem nýta gögn geta orðið fyrir óverulegu tjóni.		Tapist upplýsingar er það mjög kostnaðarsamt eða ómögulegt fyrir ríkisaðila að endurskapa upplýsingarnar.	
Afleiðing rangra uppl.	Ríkisaðili verður fyrir lítillegum álitshnekki en upplýsingar er auðveldlega hægt að leiðrétta og tilkynna notendum um uppfærðar upplýsingar.	Rangar upplýsingar geta valdið tjóni fyrir einstakling, mögulegu afmörkuðu tjóni fyrir ríkisaðila sem mögulegt er að leiðrétta sem hluta af daglegum störfum og skyldum.	Rangar upplýsingar geta valdið hópum einstaklinga eða ríkisaðila tjóni sem erfitt eða mjög kostnaðarsamt er að bæta.	Rangar upplýsingar gætu valdið alþjóðlegum deilum eða skaðað samskipti við vinveittar þjóðir.
			Fjárhagslegt tjón umfram getu eins ríkisaðila til að bæta.	

Öryggisflokkun gagna er forsenda betri þjónustu ríkisins



Betri ákvarðanir
Aukið virði
Betri þjónusta
Lægri kostnaður
Aukin framleiðni
Jákvæð umhverfisáhrif

Dæmi um öryggisflokkun gagna

Gagnasett	Ábyrgð / Varsla	Öryggisflokkur
Einstaklingsskrá (nafn, kt, lögheimili)	Þjóðskrá	Opin
Skráning viðkvæmra hella	UST	Opin
Dómaúrskurðir (án persónuupplýsinga)	Dómsstólasýsla	Opin
Fjárlög (birt)	FJR	Opin
Fasteignamat og brunabótamat	Þjóðskrá	Opin
Niðurstöður matvælaeftirlits sveitarfélags hjá veitingastöðum	MAST	Opin
Launaupplýsingar starfsfólks ríkisins	Fjársýsla ríkisins	Varin
Sjúkraskrá einstaklings	Heilbrigðisstofnanir	Varin
Sakaskrá einstaklings	Ríkissaksóknari	Varin
Lyfjasaga einstaklings	Embætti landlæknis	Varin
Skuldaskrá einstaklinga (allar skuldir einstaklinga yfir 300m)	HVIN	Varin
Frumvörp (í vinnslu) - athugasemdir settar inn á vinnslustigi	Ráðuneyti	Varin
Tölvupóstsamskipti ráðherra í ríkisstjórn	Stjórnarráðið	Varin
Rannsókn lögreglu (mál sem er í vinnslu)	Ríkislögreglustjóri	Sérvarin
Innihald athugana (haldlögð gögn, vinnugögn) SKE	Samkeppniseftirlitið	Sérvarin
Fundargerðir ríkisstjórnar	FOR	Sérvarin
Fundargögn Þjóðaröryggisráðs	FOR	Afmörkuð
Vinnslugögn netöryggisráðs	HVIN	Afmörkuð
Alþjóðasamningur ríkisins við NATO um gæslu í Miðjarðarhafinu	LHG	Afmörkuð
Vinnugögn í undanfara afstöðu Íslands til kosninga í Öryggisráði SÞ	UTN	Afmörkuð

Sýnidæmi

Grunnskrá

Margar af grunnskrám samfélagsins eru annars vegar mjög verðmætar m.t.t. varðveislu og viðhalds og svo mikil þörf fyrir að geta miðlað þeim hratt og örugga til ytri aðila.

Að uppfylla báðar kröfur í einu getur verið kostnaðarsamt eða ómögulegt. Því er nauðsynlegt að horfa til þessara tveggja notkunartilfella og sníða öryggisflokkun að hvoru tilfelli fyrir sig.

Miðlunareintak grunnskrár getur t.d. verið í dreifði þjónustu hjá einum eða fleiri skýjaþjónustuaðilum meðan varðveislu eintak er aðeins aðgengilegt starfsfólki þess ríkisaðila sem ber ábyrgð á grunnskránni.

Lækkaður flokkur

Gögn sem í upprunalegu formi geta verið varin eða sértækt er mögulegt að lækka niður um flokk. T.d. með að gera nöfnin ópersónugreinanleg með gervinöfnum eða samantektum,

Dæmi um slíkt geta verið heilbrigðisupplýsingar sem búið er að taka saman eða breyta til að gefa rannsakendum og öðrum aðilum mögulegt að nýta gögnin til vísindastarfs og nýsköpunar.

Afmörkun gagna

Mörg gagnasöfn, þjónustur og hugbúnaðarkerfi innihalda í eðli sínu mjög ólík gögn. Greina þarf öryggisflokka út innhaldi kerfa en ekki kerfunum sjálfum svo offlokkun eigi sér ekki með auknu flækjustigi og útþynningu öryggisúrræða.

Tölvupóstkerfi ríkisaðila getur innihaldið gögn af ýmsu tagi. Huga þarf að tæknilegum og skipulagslegum úrræðum til að innleiða öryggisstýringar á tiltekna hluta tölvupósts en ekki útvíkka öryggisúrræði að óþörfu yfir gögn sem eru ekki af sama mikilvægisstigi, t.d. með dulritun á tiltekin samskipti, varðveislumerkingu eða öðrum hætti.

UK Flokkun

OFFICIAL

The majority of information that is created or processed by the public sector. This includes routine business operations and services, some of which could have damaging consequences if lost, stolen or published in the media, but are not subject to a heightened threat profile.

SECRET

Very sensitive information that justifies heightened protective measures to defend against determined and highly capable threat actors. For example, where compromise could seriously damage military capabilities, international relations or the investigation of serious organised crime.

TOP SECRET

HMG's most sensitive information requiring the highest levels of protection from the most serious threats. For example, where compromise could cause widespread loss of life or else threaten the security or economic wellbeing of the country or friendly nations.

3. Each classification provides for a baseline set of personnel, physical and information security controls that offer an appropriate level of protection against a typical threat profile. A top level controls framework is provided as an annex to this policy. As a minimum, all HMG information must be handled with care to comply with legal and regulatory obligations and reduce the risk of loss or inappropriate access. There is no requirement to mark routine OFFICIAL information.

Næstu skref

Kynning fyrir lykilhagaðilum

- Ráðuneyti ✓
- Stofnanir ✓
- Sambandið ✓

Vinnufundir ✓

Samráð ✓

Birting

Verkfæri, leiðbeiningar og upplýsingar útbúnar fyrir ríkisaðila og birt á opnu vefsvæði

Takk fyrir